



Menningar-, tómstunda- og íþróttanefnd - 8. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 31. ágúst 2015
og hófst kl. 17:00

Fundinn sátu:

Gerður Beta Jóhannsdóttir, formaður
Erna Björg Jónmundsdóttir, varaformaður
Erla Ísafold Sigurðardóttir, ritari
Pawel Mickiewicz, aðalmaður

Fundargerð ritaði: Erla Ísafold Sigurðardóttir,

Dagskrá:

1. Erindisbréf fyrir menningar-, tómstunda- og íþróttanefnd - 1506003

Erindisbréf samþykkt án athugasemda.

2. Göngutímar fyrir aldraða í íþróttahúsi - 1508018

Umræða um íþróttir og forvarnarstarf eldri borgara. Nefndin leggur til að sveitarfélagið bjóði uppá 1 - 2 tíma í viku í íþróttasal íbúum 60 ára og eldri að kostnaðarlausu.

3. Blönduskóli - skólalóð - 1506005

Nefndin fór yfir bréf skólastjórnenda frá 20. júní 2013, þar sem fram koma tillögur frá skóla að bættri skólalóð. Margt hefur komið til framkvæmda en nefndin beinir því til sveitarstjórnar að gera ráð fyrir fjármagni til jarðvegsskipta á skólalóð í næstu fjárhagsáætlun, svo hægt sé að ljúka uppbyggingu leiksvæðis.

4. Bréf frá taflfélagi Blönduós - 1507016

Bréf frá taflfélagi Blönduóss lesið yfir, ekki talin ástæða til frekari umfjöllunar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:50
